Aðalfundur í Fjarskiptum hf.
19. mars 2015

Fimmtudaginn 19. mars 2015 kl. 16.00 síðdegis er haldinn aðalfundur hjá Fjarskiptum hf. að Suðurlandsbraut 2, Hilton Reykjavík Nordica hótel.

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, setti fundinn og gerði tillögu um Kristinn Hallgrímsson hrl. sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri gerði tillögu um Ragnheiði Þorkelsdóttur hdl. sem fundarritara. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því yfir að boðað hefði verið til aðalfundar félagsins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í dagblöðum, fyrst fyrir þremur vikum síðan. Hlutaskrá félagsins liggur fyrir fundinum og samkvæmt henni er mætt fyrir 30 hluthafa sem hafa að baki sér 70,55% hlutafjár. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti. Fundurinn skoðast því lögmætur.

Að því búnu var gengið til dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar. Gerði hann grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Heiðar kvað stjórn vera búna að vinna að því í vetur að reyna nýjar aðferðir til að efla samskipti hluthafa og stjórnar félagsins sem reynst hafi vel utan landsteinanna. Af þeim sökum hafi verið, með aðstoð Capacent og þeirra Ragnheiðar S. Dagsdóttur og Ásdísar Jónsdóttur, sett á laggirnar tilnefningarnefnd og hluthöfum veitt tækifæri til að kjósa meirihluta nefndarinnar. Sagði hann Fjarskipti hf. vera fyrsta félagið til þess að taka þetta fyrirkomulag upp á Íslandi. Hluthöfum eru ákveðin réttindi tryggð með lögum en með þessu móti er hugað ekki bara að þeim einstaklingum sem sitja í stjórn félags heldur hvernig þeir koma saman sem heild. Búið hefur verið til verklag eins og þekkist úr ráðningaferlum. Skoðuð menntun, reynsla, framtíðarsýn o.fl. og þessir þættir stilltir saman í stjórn. Áhugavert verkleg sem ætti að koma í veg fyrir að stjórn verði lítt starfhæf og að mikil óeining ríki en leggur áherslu á að raða saman sterkri liðsheild.

Heiðar kvað stjórnin hafa verið samstíga síðastliðið ár og samstarfið hafa verið með ágætum. Stjórn hafi markvisst reynt að efna til aukins samstarfs við hluthafa, bæði með tilnefningarnefndinni og eins beinum samskiptum við hluthafa félagsins. Fagnaði hann hluthafastefnum lífeyrissjóðanna þar sem ekki ráði hagsmunir einstakra hluthafa ferðinni heldur hagsmunir allra hluthafa.

Þá vísaði Heiðar til þess að tillaga stjórnar um hækkun stjórnarlauna sem fjallað yrði um í dagskrárlið sex væri í takt við almennar launahækkanir eða um 2,8% hækkun.

Heiðar sagði fjarskiptamarkaðinn vera afar spennandi um þessar mundir. Flutningur á efni og ýmsum vörum sem áður þurfti að eiga sér stað með beinum hætti getur nú farið fram með gagnaflutningum. Fjarskipti geta notið góðs af þessari þróun. Heiðar sagðist telja að heilt yfir litið væri engin iðngrein, nema hugsanlega orkan, sem væri jafn áhugaverð og fjarskiptamarkaðurinn. Þróun á þessu sviði væri ævintýralega hröð. Heiðar sagðist telja að ef fram horfir sem hingað til og tekst að efla starfið með sama hætti og verið hefur sé hægt að horfa fullur bjartsýni til framtíðar.

Heiðar vakti athygli á því að félagið hafi nýlega fengið verðlaun fyrir góða stjórnarhætti. Hann sagði stjórnina hafa einsett sér að uppfylla það mat sem lagt hefur verið til grundvallar um góða

HA RÞ

stjórnarhætti og hún væri mjög stolt af því að það hafi tekist. Hann kvað hollt að líta til ýmissa siða sem teknir hafi verið upp fyrir utan landsteinana í þessum efnum. Þar væri margt hægt að heimfæra upp á rekstur félagsins.

Heiðar vísaði til þess að í fjórða dagskrárlið yrði fjallað um tillögur stjórnar um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta. Kvað hann þessari tillögu ætlað að skerpa á því hvernig félagið skilar arðsemi til hluthafanna. Stjórn telur mikilvægt að hægt sé að gera það bæði með arðgreiðslum til hluthafa og eins endurkaupaáætlunum, það sé til mikilla bóta að unnt sé að blanda þessum leiðum saman eftir því hvernig henti hverju sinni. Mikilvægt að hafa skýra sín í þessum efnum þar sem takmarkaðir vaxtamöguleikar séu oft fyrir félag á þessu sviði og eigið fé félagsins megi ekki vera of sterkt.

Heiðar benti á að hann fengi að starfa áfram með stjórninni þar sem sjálfkjörið væri í stjórn félagsins og vonaði hann að samtalið milli hluthafa og stjórnar yrði enn opnara á komandi ári. Í þeim samtölum væri ekki verið að ræða innherjaupplýsingar heldur allt sem viðkemur stjórn og stjórnarháttum félagsins. Miklu skiptir fyrir stjórn félagsins að fá reglulega álit hluthafana, en ekki bara einu sinni á ári á aðalfundi félagsins. Þá kvað hann tilnefningarnefndina kjörin vettvang fyrir hluthafanna til að koma á framfæri áliti sínu á stjórn og stjórnarháttum félagsins. Tilnefningarnefnd starfaði í umboði aðalfundar þar sem meirihluti fulltrúa hennar væri kjörinn.

Fundarstjóri upplýsti að mælendaskrá yrði opnuð þegar búið væri að kynna fyrstu þrjá dagskrárliðina og bauð forstjóra félagsins þess næstan í pontu.

2.-3. Ársreikningur félagsins og ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins

Stefán Sigurðsson, forstjóri félagsins, fór yfir rekstur þess. Kvað hann árið 2014 hafa verið gott ár fyrir Vodafone. Framlegð hafi batnað töluvert, eða um 6%, EBITDA hækkað um 3%, EBIT um 16% og hagnaður um 29% milli ára. Jákvæði þróun væri í öllum starfsþáttum félagsins og góður stígandi í starfseminni. Kvað hann skemmtilegt frá því að segja að besti fjórðungur í sögu félagsins hafi verið þriðji fjórðungur ársins 2014. Þá hafi fjórði fjórðungur jafnframt verið besti fjórði fjórðungur í sögu félagsins. Þetta ásamt góðum árangri á hinum fjórðungum ársins hafi gefið bestu niðurstöðu félagsins frá upphafi.

Stefán kvað efnahagsreikning félagsins vera mjög sterkan. Vaxtaberandi skuldir hafi lækkað og eiginfjárhlutfall hafi styrkst í 54,7%. Þá væri félagið með sterkt sjóðstreymi og frjálst fjárflæði væri nálægt 1300 milljónum króna. Um væri að ræða 11% lækkun frá fyrra ári enda hefði félagið fjárfest meira á síðasta ári, einkum vegna samnings við RÚV. Á móti jukust tekjur félagsins. Þannig jukust fjárfestingar félagsins um 18% en fjárflæði minnkaði aðeins um 11%. Stefán kvað efnahaginn almennt sterkan og hlutföllin ef eitthvað væri of góð, enda væru áætlanir um að greiða nú arð til hluthafa félagsins.

Stefán sagði starfsemi ársins 2014 hafi um margt verið sérstæða. Erfiðar tímar hafi verið í byrjun ársins í kjölfar þeirra atburða sem áttu sér stað í árslok 2013. Ráðist hafi verið í mikla vinnu á innviðum félagsins, ekki síst eflingu öryggismála, og félagið sóst eftir nokkrum vottunum og viðurkenningum. Taldi hann ISO 27001 vera stærstu vottunina fyrir starfsemi félagsins. Mjög mikil vinna hafi farið fram af hálfu starfsfólks félagsins á fyrra hluta ársins í að ná þessari vottun. Í kjölfarið kom úttektaraðili sem velti við hverjum steini og ræddi við starfsmenn. Um árlega úttekt er að ræða og því þarf að vinna ötullega að því að viðhalda vottuninni.

Stefán kvað ánægjulegt að hlutabréfaverð félagins hafi farið upp á við og virði félagsins stigið samhliða góðum rekstri og styrkingu innviða. Um væri að ræða tæplega 30% hækkun frá árslokum 2013 til ársloka 2014 og frá sama tíma til dagsins í dag um 40% hækkun.

KA RÞ

Stefán kom nýr að félaginu á árinu og kom það honum á óvart hversu sterkir innviðir hefðu verið upp byggðir hjá félaginu síðustu 16 árinu. Félagið er með landsdekkandi ljósleiðarakerfi, 4G dreifikerfi sem nær til 80% landsmanna og stafrænar sjónvarpsútsendingar sem ná til 99,9% landsmanna. Sagði hann það síðastnefnda merkilegt í ljósi þess hve við byggjum í dreifbýlu landi og hvað mikið þyrfti að hafa fyrir síðustu prósentunum. Uppbygging félagsins á sviði 4G er ekki bundin við landið heldur fer einnig út á miðin sem er mikilvægur þáttur í að styðja sókn félagsins í sjávarútvegi. Sagði hann Vodafone nú þegar orðið leiðtoga á fjölmörgum sviðum fjarskiptainnviða.

Á árinu hafi líka verið hugsað um hagkvæmnina þar sem hugað hafi verið að samrekstri dreifikerfa með Nova. Verði það verkefni að veruleika er fyrirhugað að leggja ákveðna innviði í samrekstrarfélag til að reyna að ná hagræðingu í rekstri og fjárfestingu. Ekki liggur fyrir hvort félagið og Nova nái saman með þetta verkefni en mikilvægum áfanga hafi verið náð er Samkeppniseftirlitið leyfði félögunum að ræða saman um þetta verkefni. Mun koma í ljós á næstu mánuðum hvort af verður en ekki verður farið í þetta verkefni nema til hagsbóta fyrir félagið. Hugmynd þessi er byggð á erlendum fyrirmyndum.

Vodafone er öflugt sölu- og þjónustufyrirtæki sem býður upp á heildstæðar fjarskiptalausnir til einstaklinga og fyrirtækja, auk heildsölu til annarra rekstraraðila. Þetta er styrkur Vodafone sem hægt er að byggja á til framtíðar.

Búin er eiga sér stað stefnuvinna hjá félaginu. Félagið hefur sett sér nýja stefnu, sýn og hlutverk til næstu 5-10 ára. Hlutverkið er einfalt; að auka lífsgæði einstaklinga og samkeppnishæfni fyrirtækja með snjöllum fjarskiptalausnum og framúrskarandi þjónustu. Sýn félagsins er að vera leiðtogi og alþjóðlegt afl á íslenskum fjarskiptamarkaði. Telur Stefán alþjóðlegt samstarf við Vodafone Global skipta miklu í þessu sambandi og muni nýtast vel. Stefna félagsins er fjórþætt, ARPA (average revenue per account) – SKAPA – EINFALDA – STYRKJA.

Stefán benti á þá miklu uppbyggingu sem hefði verið á árinu í þjónustu við fyrirtæki. Félagið endursamdi við fjölmörg mikilvæg fyrirtæki eins og Landsbankann, Landspítalann, Össur, CCP, Ölgerðina og N1 svo einhver séu nefnd. Þá bættust nokkur af stærstu útflutningsfyrirtækjum landsins í hóp viðskiptavina félagins, Actavis, Icelandair, Samherji og Vinnslustöðin. Öflug innkoma úr sjávarútveginum, m.a. vegna snjallrar nálgunar með því að beina 4G merkinu ú á haf. Vodafone telur sig einstaklega vel í stakk búið að þjóna alþjóðlegum íslenskum fyrirtækjum í ljósi þess að vera hluti af Vodafone alþjóðlega. Sú tenging muni einnig hjálpa félaginu þegar kemur að þeirri alþjóðlegu þróun sem er í gangi á fjarskiptamarkaði, þar sem tengingum tækja við tæki muni fjölga og skýjalausnir og gagnaver munu halda áfram að vaxa.

Á einstaklingshliðinni var félagið sérstaklega áberandi fyrir Vodafone RED. Félagið var leiðandi í að breyta innheimtu þóknunar fyrir farsíma úr samtölum og smáskilaboðum í gagnamagn. Á minna en ári hafa 29% viðskiptavina félagsins valið þessa þjónustuleið. Í apríl stendur til að kynna velgengni félagsins með þetta fyrirkomulag fyrir alþjóðlegum samstarfsaðilum Vodafone. Með þessu er tekin ákveðin áhætta út úr myndinni bæði fyrir félagið og viðskiptavininn.

Stefán sagði félagið ætla að taka forystuhluverk á sviði sjónvarpsþjónustu á árinu 2015 en undirbúningur þess hefur staðið yfir í nokkurn tíma og spennandi nýjunga að vænta fyrir sumarið. Kvað hann það sjást af þróun erlendis að sjónvarpsþjónusta og fjarskipti væru að renna meira og meira saman.

Stefán kvaðst hlakka til að taka þátt í þessu verkefni og starfa áfram á fjarskiptamarkaði.

KÞ RÞ

Fundarstjóri þakkaði Stefáni fyrir og kynnti fundarmönnum fyrirliggjandi tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar félagins á reikningsárinu 2014.

„Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út 20% arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2014. Arðsfjárhæð á hlut er því 0,651648 kr. Greiddur arður mun nema 218.823.319 kr. þegar tekið hefur verið tillit til eigin hluta. Verði tillagan samþykkt af hluthöfum félagsins, munu hlutabréf sem skipta um hendur frá og með 20. mars 2015 (e. ex-date = arðleysisdagur) verða án arðsréttinda og réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta hinn 23. mars 2015 sem yrði arðsréttindadagur (e. record date). Loks verði arður greiddur út hinn 31. mars 2015 (e. payment date).“

Kristinn gaf orðið laust um fyrstu þrjá dagskrárliðina en enginn óskaði eftir að kveða sér hljóðs. Fundarstjóri bar fyrst tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar félagsins undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða. Þá var ársreikningur félagsins borinn undir atkvæði fundarmanna og sömuleiðis samþykktur samhljóða.

4. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta

Fundarstjóri gaf Heiðari, stjórnarformanni félagsins, orðið til þess að kynna tillögu stjórnar um arðgreiðslustefnu. Heiðar kvað stjórnina vilja skerpa á því að samhliða megi framkvæma endurkaup á hlutum félagsins og greiða hluthöfum arð. Þetta skýrði þá litlu orðalagsbreytingu og/eða sem hefði verið gerð í fyrstu línunni.

Tillaga stjórnar hljóðar svo:

„Fjarskipti hf. stefna að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 20-40% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

Við mótun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til:

- *markmiða fjárstýringarstefnu félagsins*
- *markaðsaðstæðna*
- *fjárfestingarþarfar félagsins“*

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá en enginn kvað sér hljóðs. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og hún samþykkt samhljóða.

5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri gaf Önnu Guðnýju Aradóttur, stjórnarmanni og formanni starfskjaranefndar, orðið til þess að fylgja tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins úr hlaði og gera grein fyrir þeirri breytingu sem lagt væri til að gera á starfskjarastefnunni.

Anna Guðný byrjaði á því að gera grein fyrir því að í starfskjaranefnd félagsins sætu auk hennar, Agla Elísabet Hendriksdóttir, varastjórnarmaður, og Heiðar, stjórnarformaður. Nefndin hefði unnið að því að koma á breyttu fyrirkomulagi sem liggi ný fyrir í tillögu þessari. Verður forstjóra félagsins falið að vinna að nánari útfærslu og leggja fyrir stjórn til samþykktar. Kvað hún 4. gr. stefnunnar taka mesta breytingum þar sem ákveðið hefði verið að miða við raunhagnað félagsins. Raunhagnaður er ekki allur til útgreiðslu heldur aðeins að hluta til. Telur starfskjaranefnd að með þessu séu lengri tíma sjónarmið lögð til grundvallar. Betri tengin fáist með því að miða við raunhagnað en gengisþróun, gengið muni síðan endurspegla þann raunhagnað sem myndast hverju sinni.

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kvað sér hljóðs. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

KA RÞ

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2015

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna sem miðar við hækkun almennra launa í þjóðfélaginu:

„Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

a) Stjórnarformaður fái kr. 421.500 á mánuði.
b) Aðrir stjórnarmenn fái kr. 210.700 á mánuði.
c) Varastjórnarmenn og kosnir meðlimir tilnefningarnefndar fái kr. 77.000 fyrir hver setinn fund.
d) Formenn undirnefnda fái kr. 77.000 á mánuði.
e) Aðrir nefndarmenn undirnefnda fái kr. 38.500 á mánuði.

Greiðslur til endurskoðenda skulu vera samkvæmt reikningi."

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

7. Kosning stjórnar félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að sjálfkjörið væri í stjórn félagsins og óskaði hann stjórnarmönnum til hamingju með áframhaldandi setu í stjórn félagsins.

Stjórn félagsins skipa því Anna Guðný Aradóttir, Heiðar Guðjónsson, Hildur Dungal, Hjörleifur Pálsson og Vilmundur Jósefsson. Varamenn eru Agla Elísabet Hendriksdóttir og Yngvi Halldórsson.

8. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar

Fundarstjóri gerði grein fyrir að hér væri kominn nýr liður á dagskrá eins og stjórnarformaður hefði komið inn á í ræðu sinni. Vilji væri fyrir því að aðalfundur kysi meirihluta tilnefningarnefndar. Auglýst var eftir framboðum og bárust tvö framboð frá þeim Ásdís Jónsdóttur og Ragnheiði S. Dagsdóttur. Væru þær því sjálfkjörnar til þessara starfa. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrirkomulagið væri þannig að nú þegar tvær konur hafa verið kjörnar í nefndina er stjórnin bundin af því að tilnefna karlmann í nefndina til að gæta sem jafnastra kynjahlutfalla.

9. Kosning endurskoðanda félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn félagsins legði til við aðalfund að KPMG ehf. verði áfram endurskoðunarfélag Fjarskipta hf. Fundarstjóri spurði hvort aðrar tillögur væru í því efni, en þar sem svo var ekki, var KPMG sjálfkjörið.

10. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir að hér lægju fyrir þrjár tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, tvær frá stjórn félagsins og ein frá Gildi lífeyrissjóði. Stjórnarformanni gefið orðið til þess að kynna tillögur stjórnar.

a. Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum sem breytir 4. gr. samþykkta

Heiðar kynnti svohljóðandi tillögu stjórnar:

„Stjórn Fjarskipta hf., kt. 470905-1740, leggur til við aðalfund félagsins sem haldinn er þann 19. mars 2015 að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 46.261.100 að nafnverði, eða sem nemur 4.626.110 hlutum, á grundvelli VIII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, til jöfnunar eigin hluta. Verði tillagan samþykkt þá lækkar nafnverð hlutafjár félagsins úr kr. 3.407.649.990 í kr. 3.361.388.890, og verður þá 336.138.889 hlutir. Lækkunin tekur einvörðungu til eigin hluta félagsins sem það hefur eignast með kaupum á markaði undanfarin misseri í samræmi við samþykkta endurkaupaáætlun stjórnar

KA RÞ

sem aðalfundur 2014 veitti heimild fyrir. Miðast lækkunin við stöðu endurkaupa við lok síðasta reikningsárs. Hlutafjártala 4. gr. samþykkta félagsins skal taka breytingum í samræmi við niðurfærslu hlutafjár."

Vegna endurkaupaáætlunar kvað Heiðar nauðsynlegt að lækka hlutafé á móti, að öðru leyti skýrði tillagan sig sjálf.

b. Tillaga um breytingu á 5. mgr. 17. gr. samþykkta félagsins, varðandi kynjahlutföll í stjórn

Heiðar kynnti svohljóðandi tillögu stjórnar:

„Stjórn leggur til breytingu á 5. mgr. 17. gr. samþykkta félagsins varðandi kynjahlutföll í stjórn. Það er tillaga stjórnar að 1. málsliður falli niður og breytingar verði gerðar á 2. málslið þannig að um kynjahlutföll verði fjallað í skýrslu stjórnar í ársreikningi í stað tilkynningar til hlutafélagaskrár. Eftir breytingu mun því 5. mgr. 17. gr. samþykktanna hljóða svo:

„Í skýrslu stjórnar í ársreikningi skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í ársreikningi skulu jafnframt koma fram upplýsingar í sömu veru um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins, en stjórn skal sérstaklega gæta að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra.""

Heiðar kvað tillögu þessa vera fram setta til þess að skerpa á kynjahlutföllunum en tillagan skýrði sig meira og minna sjálf.

c. Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs um breytingu á 30. gr. samþykkta félagsins

Fundarstjóri gerði fundarmönnum grein fyrir því að þriðja tillagan hefði borist frá Gildi lífeyrissjóði og gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu:

„Við ákvæði 2. málsliðar 30. gr. í samþykktum félagsins bætast við eftirfarandi orð:

„...og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi."

Ákvæði 30. gr. í samþykktum hljóði því svo að lokinni breytingu:

„Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa, sbr. 55.-62. gr. VIII. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995. Í tilviki 55. gr. hlutafélagalaga þarf samþykki hluthafafundar að liggja fyrir áður en keypt er og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.

Félagið má ekki veita lán út á hluti sína, nema lög heimili það sérstaklega.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.""

Davíð Rudolfsson hjá Gildi lífeyrissjóði fékk orðið til að gera nánari grein fyrir tillögunni. Davíð vísaði í greinargerð með tillögunni sem lægi fyrir fundinum. Ef hluthafafundur veitir stjórn heimild til kaupa á eigin hlutum þá verði gerður sérstakur viðauka við samþykktir. Með þessum hætti geti hluthafar með einföldum hætti áttað sig á því hvort slík heimild sé til staðar og hver hún sé. Markmiðið er að bæta gagnsæi. Með þessu þurfa hluthafar eða aðrir ekki að lesa sig í gegnum fundargerðir fyrri hluthafafunda til þess að átta sig á því hvort slíkar heimildir eru í gildi eða hverjar þær séu.

Í kjölfarið fékk Heiðar, stjórnarformaður félagsins, orðið. Kvað hann stjórn búna að velta þessari tillögu fyrir sér. Sagði hann niðurstöðu stjórnar að ekkert í tillögunni stangaðist á við samþykktir félagsins eða vinnubrögð stjórnar. Legði stjórn því til að tillagan yrði samþykkt.

AA RÞ

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá. Heiðar, stjórnarformaður félagsins, fékk orðið. Hann kvað stjórn hafa fjallað um breytingatillögu Gildis á síðasta stjórnarformi. Stjórn lítur ekki á þetta sem vantraust á sig og hafi stjórn hvort eð framkvæmt kaup eigin hluta í samræmi við þetta. Stjórn telur sig vel geta unað við tillöguna í þessari breyttu mynd og lagði til að breytingatillagan yrði samþykkt. Enginn annar kaus að tjá sig um tillögurnar.

Fundarstjóri bar þá fyrst breytingartillögu Gildis undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða. Breytt tillaga var þá borin undir atkvæði fundarmanna og sömuleiðis samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál löglega upp borin

Fundarstjóri upplýsti að engin önnur mál væru á dagskrá fundarins. Gaf hann því næst orðið laust. Enginn óskaði eftir að taka til máls undir dagskrárliðnum önnur mál og var dagskrá fundarins því tæmd.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og gerði að tillögu sinni að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Heiðar, stjórnarformaður félagsins, fékk að eiga síðasta orðið. Þakkaði hann fundarmönnum fyrir fundinn og sagði stjórn þykja það traust sem hluthafar sýna þeim mikilvægt. Kvað hann metnað allrar stjórnarinnar að skara fram úr í góðum stjórnarháttum.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17.03.

Framangreint staðfestist hér með.

K. H.S

Kristinn Hallgrímsson hrl., fundarstjóri

Ragnheiður Þorkelsd.

Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl., fundarritari